



Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025–2028. Mál númer 90. mál 157. löggjafarþing 2025.

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 25. September 2025, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025-2028. Deildin þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um áætlunina.

Íslandsdeild Amnesty International styður áætlunina heilshugar og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

Deildin fagnar sérstaklega áætlunum um kynningarefni um samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, sem og að lokið verði við landsáætlun um framkvæmd samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Ístanbul-samningsins), ásamt vitundarvakningu. Fræðsla til stofnana, skóla og almennings um ákvæði þessara samninga eykur vitund á réttindum kvenna og skilar sér í betri forvörnum og þolendavænna samfélagi.

Frá því að skýrsla Amnesty International; „*Waking up to nothing: Harmful and unjustified use of pretrial solitary confinement in Iceland*“ kom út árið 2023 hefur Íslandsdeildin horft til stöðu fanga hérlendis og fylgst með aðgerðum sem miða að úrbótum fyrir þennan hóp. Deildin fagnar því að koma á áfallamiðaðri nálgun í réttarvörslukerfinu, auka fræðslu og þjálfun, og að þarfir kvenna í fangelsum verði skoðaðar með það að leiðarljósi að auka öryggi þeirra. Mikilvægt er að skýrri hlutverkaskipan sé komið á um ábyrgð á innleiðingu á slíkri nálgun og skýrar verklagsreglur.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar aukinni áherslu á jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum, sem og að stefnt sé að auka þekkingu starfsfólks í framhaldsskólum á sviði kynja- og jafnréttisfræða. Jafnréttisfræðsla er grundvallaratriði til að skapa þekkingu, skilning og hæfni sem miðar að því að tryggja og styrkja jafnrétti og sanngjarnara samfélag. Íslandsdeildin minnir á að háskólastigið tilheyrir „öllum skólastigum“. Að tryggja jafnréttisþekkingu allra verðandi kennara er grundvöllur þess að markviss jafnréttisfræðsla eigi sér stað á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Deildin tekur undir hvatningu fyrrum Mannréttindaskrifstofu Íslands um að þegar kemur að innleiðingu verklags í heilbrigðisþjónustu til handa þolendum ofbeldis, verði áhersla lögð á kynjaða og áfallamiðaða nálgun í meðferðum við vímuefnanotkun, og hvetur að auki til þess að þar skuli skaðaminnkun höfð að leiðarljósi.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar einnig áætlunum um rannsóknir á launum innflytjendakvenna og stöðu þeirra á vinnumarkaði, og eins á brottþvarfi nemenda með annað móðurmál en íslensku úr námi. Að spyrna gegn mismunun á grundvelli þjóðernis, uppruna og kyns

er lykilatriði þegar kemur að því að stuðla að virkri þátttöku sem flestra í íslensku samfélagi óháð framangreindum mismununarþáttum og koma í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga af sömu ástæðum. Einnig fagnar deildin aukinni fræðslu um heiðursöfubeldi en mikilvægt er að opinberir aðilar kunni að bera kennsl á mál af því tagi og taka þau til skjótrar meðferðar.

Íslandsdeildin hvetur til þess að framkvæmdaáætluninni verði hrundið af stað hið fyrsta og að með henni fylgi nægt fjármagn til þess að vinna að öllum þeim greinum sem hún kveður á um.

Virðingarfyllst,



Anna Lúðvíksdóttir
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International